

Mál nr. 49/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2).****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A, B og C****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 28. desember 2021 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 1. mars 2022.
3. Bréf V1 dags. 19. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 30. nóvember 2021 varð árekstur milli bifreiðanna A, sem M ók umrætt sinn, og B við Borgarröst á Sauðárkróki, og einnig varð tjón á bifreiðinni C þegar A rann á hana við áreksturinn. Lögregla var kölluð á vettvang og liggur skýrsla hennar, dags. 6. desember 2021, fyrir nefndinni. Er þar haft eftir ökumanni B að hann hafi verið að aka út af bílplaninu með akstursstefnu til norðurs þegar hann hafi séð A koma akandi eftir götunni frá norðri. Hann hafi verið á réttum vegarhelmingi og hemlað en runnið til í hálku. Haft er eftir ökumanni A að hann hafi ekið eftir götunni til suðurs þegar hann hafi séð B koma út af bílplaninu og á móti sér. Hafi A þá byrjað að hemla en mikil hálka hafi verið á veginum og A hafi hafnað á framenda B og svo runnið á C sem hafi verið kyrrstæð. A hafi verið á réttum vegarhelmingi. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að snjóþekja og mikil hálka hafi verið á vettvangi. Hjól- og bremsuför eftir A hafi verið á miðri götunni. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingarfélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að A bæri helming sakar vegna rangrar staðsetningar á vegi og B helming sakar fyrir að virða ekki forgang umferðar um Borgarröst.

M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur fram í málskoti að ökumaður B hafi ekki sinnt neinni varúð og keyrt á fullri ferð inn á götu og í veg fyrir A. Ef B hefði verið á sínum vegarhelmingi hefði aldrei komið til áreksturs. A hafi verið ekið við miðlínu enda þurfi mikla varúð við akstur eftir þessari götu þar sem bifreiðum sé lagt við hana eða á henni auk þess sem það hafi verið flughált. B hefði hins vegar ekki átt að aka út á götuna nema ganga úr skugga um að það væri hættulaust.

V1 sem var váttryggjandi A og B á tjónsdegi og V2 sem var váttryggjandi C á tjónsdegi skila ekki sérstökum athugasemdum vegna málsins.

Álit.

Samkvæmt 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg af bifreiðastæði, lóð eða landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði utan vegar eða af vegslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið, vegöxl eða yfir gangstíg, gangstétt eða hjólastíg. Fyrir liggur að B var ekið út á veg af bifreiðastæði og samkvæmt gögnum málsins verður að telja sýnt að ökumaður hennar hafi ekki gætt nægilega að fyrrgreindum áskilnaði. Ber hann því meginsök á árekstrinum. Hins vegar kemur fram í 1. mgr. 18. gr. umferðarlaga að ökumaður skuli vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti. Samkvæmt lýsingu í lögregluskýrslu, svo og meðfylgjandi ljósmyndum, ók A eftir miðjum veginum umrætt sinn. Verður því að miða við að staðsetning A á vegi hafi ekki verið til samræmis við fyrrgreint ákvæði og ber ökumaður hennar því einnig nokkra sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður B 2/3 hluta.

Reykjavík, 5. apríl 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir